

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



Hresstu upp á snjallsímamann þinn

Skannaðu inn hraðkóðana í Monitor í dag

Monitor er fullur af alls kyns óvæntum skemmtilegheitum í dag. Skannaðu inn hraðkóðana í blaðinu og náðu þér þannig í alls kyns skemmtileg og gagnleg forrit í símann þinn.

Ef þú ert ekki með hraðkóðalesara þá ferðu einfaldlega á rautt.is/qr í snjallsímanum þínum og við vísum þér beinustu leið á réttan lesara.

Möguleikarnir eru endalausir, prófaðu þig áfram og appaðu upp á símann þinn með hjálp Vodafone.

vodafone.is

fyrst & fremst

Mynd/Ernir



FRÆNDURNIR FRÍÐRIK DÓR OG BJARNI ÞÓR VIÐARSSON HÉNGU MIKIÐ MEÐ PELE Í ÆSKU

Knattspyrnuhetja > poppstjarna

Friðrik Dór dreymdi alltaf um að verða atvinnumaður í knattspyrnu. Hann samdi íslenska stuðningslagið.

Tónlistarmaðurinn Friðrik Dór er höfundur stuðningslags íslenska U21-liðsins fyrir Evrópumótið í Danmörku, en lagið ber hið skemmtilega heiti Samvinnarsamasevinnna. „Ég sótti innblásturinn til Shakiru í lagið Waka Waka, eins og heyrst á orðunum „Samvinnavinna“ og einnig til tónlistarinnar í kvikmyndinni Lion King,“ segir Friðrik léttur. Beðinn um að lýsa laginu segir hann: „Einhverjir vilja kalla þetta afrójóðl. Eins og svissneska jóðlið og afrísk þjóðlagatónlist mætist á miðri leið.“

Ég var ruglað góður

Friðrik var sjálfur efnilegur knattspyrnumaður á árum áður og spilaði upp alla yngri flokkana hjá FH. „Fólk má ekki halda að ég hafi ekki getað neitt, því ég var ruglað góður. Ég var rosa áhugasamur um fótboltann þangað til ég fattaði að ég gæti gert eitthvað fleira en að spila fótbolta. Það fjaraði undan þegar framhaldsskólafélagslífið tók við og ég fór að vera í ræðukeppnum og hélt ég væri geðveikt harður,“ segir Friðrik.

Hann kveðst spenntur fyrir Evrópumótinu og hefur mikla trú á strákunum. „Við þurfum að hafa heppnina með okkur í liði. Ekki vegna þess að við séum eitthvað lélegir heldur þurfa menn að hafa heilladísirnar með sér í liði á stórmótum. Þá erum við færir í flestan sjó.“

Með Gylfa og Bjarna í yngri flokkum

Hjá FH lék Friðrik við hlið manna á borð við Gylfa Þór Sigurðsson, Bjarna Þór Viðarsson og Hjört Loga Valgarðsson sem verða líklega allir í byrjunarliðinu á Evrópumótinu. Þeir tveir síðastnefndu eru auk þess frændur hans. „Maður sá snemma að þessir gæjar gætu eitthvað. Svo má ekki gleyma því að ég var með Skúla Jóni Friðgeirssyni í leikfimi í Versló og á ég mínar óþægilegustu minningar úr menntaskóla úr sturtuklefanum með honum,“ segir Friðrik. En hvort myndi hann frekar vilja vera í stöðu leikmanna U21-liðsins eða sinni eigin? „Ég myndi frekar vilja vera í stöðunni þeirra. Það var aldrei draumur að verða söngvari, draumurinn var að verða atvinnumaður.“



VÍGALEGT LIÐ Í 7. FLOKKI FH

ARON PÁL MARSSON

HJÖRTUR LOGI VALGARÐSSON

GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON

FRÍÐRIK DÓR JÓNSSON

BJARNI ÞÓR VIÐARSSON

Feitast í blaðinu

Aron Einar er húðflúradasti leikmaður U21 og er m.a. með tattú af Jesú og Maríu Mey. >>>4

Kolbeinn Sigþórs er einn af heitustu framherjum Evrópu, en borðar lítið af snúðum. >>>8

Gylfi Sigurðsson þælir lítið í stelpum í Hoffenheim, enda þæla þær bara í hænsnum. >>>20

Alfred Finnoga segir PlayStation, golf og svefn uppáhalda fót-boltamanna. >>>22

Gáfnaljós U21 í spurningakeppni. Hvort er klárari, Skúli Jón eða Almarr? >>>26



U21 LEIKUR ÖLL HLUTVERKIN Í ÞESSU TÖLUBLADI MONITOR

Efst í huga Monitor Hetjur Íslands

Íslenska U21-landsliðið í knattspyrnu náði þeim einstaka árangri í fyrra að komast í lokakeppni Evrópumótsins í knattspyrnu sem fer fram í Danmörku.

Strákarnir okkar hefja leik á laugardaginn þegar þeir mæta Hvít-Rússum. Auk þeirra er íslenska liðið í riðli með Danmörku og Sviss. Komist liðið upp úr riðlinum tryggir það sér sæti á Ólympíuleikunum, en þangað hefur íslenskt knattspyrnulið aldrei komist.

Ljóst er að framtíð íslenskrar knattspyrnu er björt. Íslenska liðið á leikmenn sem eru að spila

í nokkrum af sterkustu deildum Evrópu og enginn veit hversu langt þeir geta náð í framtíðinni.

Að sjálfsögðu ákvað Monitor að heiðra strákana með því að leggja heilt tölublað undir liðið og átökin sem framundan eru.

Nú má einnig finna myndskleið frá forsíðumyndatökunni á mbl.is auk viðtala við Gylfa Sigurðsson, Kolbeinn Sigþórsson, Bjarna Þór Viðarsson, Rúrik Gíslason og Alfred Finnogason.

Dugnaður og þor. U21 er sómi Íslands, sverð þess og skjöldur. Áfram Ísland!

Besti hlaupafélaginn

vodafone.is

Tifar í hundrað í bekk

Töffarinn að norðan, **Aron Einar Gunnarsson**, afhjúpar tattúin og leyndardóminn um hvað hann tekur í bekk.

Hvernig er tilfinningin fyrir mótinu eftir langt tímabil í Championship á Englandi? Ég er í góðu formi eftir tímabilið úti og er sprækur, klár í þetta EM. Ég kláraði úti í byrjun maí og hef haldið mér í góðu formi á Akureyri. Í leiknum um daginn á mótí Dönnum fann ég að ég var í góðu standi miðað við marga sem ég var að spila á mótí svo ég er bara spenntur.

Ertu farinn að tala með breskum hreim? Já, ég er svolítið mikið í því. Þetta kemur eiginlega bara óvart af því að tala við alla strákana í liðinu. Mér finnst breskur hreimur ekkert eitthvað töff. Ég held að ég sé reyndar með margar týpur af hreimum af því að í liðinu eru strákar frá mismunandi hlutum Englands og ég svona pikka þetta upp ósjálfrátt frá mönnum.

Hver er helsti munurinn á að búa í Akureyrarbæ og borginni Coventry? Coventry er náttúrliga 300.000 manna borg, bara eins og allt Ísland. Það er öðruvísi menning þarna úti og maður þarf að keyra allt sem maður myndi labba á Akureyri. Akureyri

er bara besti bær sem hægt er að búa í, rólegheit og ekkert stress í gangi. Þetta rúllar bara á Akureyri. Maður er reyndar ekki nógu duglegur að koma heim en maður reynir að hitta fjölskylduna þegar tími gefst.

Hver er hjúskaparstaða þín? Ég á kærustu úti en ég bý nú bara einn.

Hvernig bíl keyrirðu úti? Ég er að fara að fá mér Audi R8.

Hvað tekurðu í bekk? Ég tók sex sinnum níutíu fyrir tveimur dögum. Ef ég ætlaði að maxa myndi það örugglega tifa í hundrað.

Hvað er það besta við það að vera atvinnumaður í fótbolta? Það besta er náttúrliga að þú ert að fá borgað fyrir að gera það sem þig hefur alltaf langað að gera.

Hvað er það sísta við það að vera atvinnumaður? Maður getur stundum ekki verið maður sjálfur.

TRYLLT TATTÚ



„Á hægri er ég með biðjandi greipar og stjörnur í kring sem tákna systkinabörn mín.“

„Innan á báðum framhandleggjum er ég með upphafsstafi og fæðingarár fjölskyldunnar. Þetta voru fyrstu tattúin sem ég fékk mér. Mamma harðbannaði mér að fá mér tattú en þegar ég sagði henni að það tengdist fjölskyldunni var hún alveg klár í það. Síðan hefur þetta hálfpartinn verið fikn.“

„Á vinstri er ég með tvo engla fyrir ofan Maríu mey, Jesús og Ísland og einhvern smá texta.“



Heitasti leikurinn í dag



vodafone.is



ARON EINAR

Fæðingardagur: 22. apríl 1989.
Félag: Coventry City.
Uppruni: Akureyri, Þór.
Skóstærð og
-tegund: 44, Puma.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Stýðjið við bakið á okkur og skemmtið ykkur.“



VELKOMIN Á BIFRÖST

Umsóknarfrestur er til 15. júní



Háskólasamfélagið á Bifröst er einstakt samfélag sem sameinar vandað nám og frábært umhverfi fyrir börn og fullorðna. Við leggjum áherslu á að undirbúa nemendur fyrir atvinnulífið með markvissri kennslu og raunhæfum verkefnum.

Markmið okkar er háskóli í tengslum við raunveruleikann.

FRUMGREINANÁM

Frumgreinanám
í stað- og fjarnámi

GRUNNNÁM

HHS – heimspeki, hagfræði
og stjórnmálafræði
Viðskiptafræði í stað-
og fjarnámi
Viðskiptafræði í fjarnámi með
áherslu á markaðssamskipti
Viðskiptalögfræði

MEISTARANÁM

MA í menningarstjórnun
MA í menningarfræði
MS í alþjóðaviðskiptum

[Opið fyrir umsóknir á bifrost.is](https://bifrost.is)



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**BJÖRN**

Fæðingardagur: 26. febrúar 1991.
Félag: Lillestrøm SK.
Uppruni: Akranes, ÍA.
Skóstærð og -tegund: 44, adiZero F50.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Endurreisnin er hafin. Við ætlum að gera Íslendinga stolta.“

**BIRKIR**

Fæðingardagur: 27. maí 1988.
Félag: Viking FK.
Uppruni: Akureyri, KA.
Skóstærð og -tegund: 41, Nike.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Styðjið við bakki á okkur strákunum.“

Sælir Norsarar

Birkir Bjarnason og Björn Bergmann Sigurðarson eru þeir leikmenn U21 sem spila í Noregi og eru því Norsarar liðsins.

Birkir Bjarnason og Björn Bergmann Sigurðarson eiga fleira sameiginlegt en að vera báðir liðsmenn í U21 landsliði Íslands. Báðir spila þeir og búa í Noregi, báðir heita þeir tveimur nöfnum sem byrja á bókstafnum B, þeir eru báðir sóknarmenn og skarta báðir síðu og ljósu hári. Þar sem norska deildin er spiluð á sumrin líkt og hér heima eru Norsararnir tveir í miðju kafl með liðum sínum, Viking og Lillestrøm, þegar EM skellur á.

„Ég er bara í góðu formi enda í miðju móti úti svo mér list vel á þetta. Maður hefur svona eitthvað aðeins verið

að stríða norsku samherjunum.“ segir Birkir en norska U21 landsliðinu tókst ekki að tryggja sér sæti á mótinu í Danmörku. „Ég hef spilað í Noregi mjög lengi núna og fór þangað ungur með fjölskyldunni svo ég er löngu orðinn vanur lífinu þar.“

Birni hefur einnig gengið vel í Noregi en í vor var birt viðtal við hann á heimasíðu Lillestrøm undir fyrirsögninni „Sigurðarson betri með nýrri kærustu“ þar sem hann kvaðst sáttur með lífið og tilveruna í Noregi, þótt kærastan búi heima á Skaganum.



SPÁ SPEKINGANNA

Monitor heyrði í þremur þekktum sparkspekingum og spurði þá út í væntingar þeirra til komandi átaka.

VERÐUR LÍMDUR VIÐ SKJÁINN

GUÐMUNDUR BENEDIKTSSON

„Mér list einkar vel á liðið og hópinn þó ég sé nú kannski ekki sammála öllu í valinu þá væri nú ekkert gaman ef allir væru sammála með það. Maður einhvern veginn gerir þá kröfu miðað við það sem á undan hefur gengið að við séum að fara að gera góða hluti þarna. Við eigum að fara upp úr þessum riðli og undanúrslit væri frábær árangur. Það að Ólympíusæti skuli vera í boði er auðvitað frábært líka. Að ná að eiga knattspyrnu lið á Ólympíuleikunum væri bara magnað. Maður verður allavega límdur við skjáinn til að fylgjast með þessu. Þetta er ekki á hverju ári sem við erum með karlalandslið á alvöru lokamóti.“



ERUM Á MEÐAL 4-5 BESTU

HJÖRTUR JÚLIUS HJARTARSON

„Eins og flestum öðrum, að ég held, list mér mjög vel á þetta. Ég verð sjálfur úti í Danmörku að lýsa þessu fyrir Sjónvarpið svo ég er mjög spennur af fleiri en einni ástæðu. Ég er handviss um að íslensku strákunum eigi eftir að ganga vel. Þeir eru góðir í fótbolta, ég held að það efast enginn um það og síðan eru þeir líka fullir af sjálfstrausti. Mér finnst þeir eitt af fjórum, fimm bestu liðunum á mótinu og það er vonandi að það dugi þeim til þess að ná allavega þriðja sætinu.“



NÁUM ÓLYMPÍUSÆTINU

HJÖRVAR HAFLÍÐASON

„Ég geri ráð fyrir að liðið fari alla leið í undanúrslit og tryggi sér þar með sæti á Ólympíuleikunum á næsta ári. Fyrir mér eru það svona stærstu verðlaunin á öllu þessu móti. Ólympíuleikarnir eru stærsta íþróttamót sem haldið er og það yrði mikið afrek að Eyjólfri og hans strákum ef þeir kæmst þangað. Það verður gaman að fylgjast með stúkunni á þessu móti. Það kæmi mér ekkert á óvart ef Ísland yrði með besta stuðninginn á þessu móti. Það eru náttúrlega margir á leiðinni þarna út og fullt af Íslendingum búsettir í Danmörku svo það gæti verið þáttur með okkur í liði.“



Monitor heyrði einnig í þremur þjóðþekktum sem gefa sig að minnsta kosti ekki út fyrir að vera miklir sparkspekingar.

BARA SIGURVEGARAR SEM KOMAST SVONA LANGT

INGA LIND KARLSDÓTTIR

„Alltaf þegar ungt fólk er að gera góða hluti og stefnir að því að gera enn betur þá ber manni bara skylda til að fylgjast með því, sama á hvaða sviði það er. Þetta eru stjórnur framtíðarinnar, það er kominn tími til að kynna þeim. Á þessum tímum þegar allir eru neikvæðir og umræðan er lituð af fortíðinni, þá er svo hressandi að fylgjast með þessu framtíðarfólki. Ég hef alla trú á okkur mönnum en vil ekkert í þeim hópi sem setur einhverja massífa pressu á þá. Ég trúi bara að þeir geri sitt besta og hlakka til að sjá þeirra besta. Það eru bara sigurvegarar sem eru komnir svona langt eins og þeir.“



ÞESSIR MENN ERU KÓNGAR

NILLI

„Þeim á eftir að ganga rosalega vel. Þeir eru búnir að leggja sig alla fram þarna og nú er bara komið að úrslitastund. Þetta er keppnin sem við erum öll búin að bíða eftir. Ég vil meina að þessir menn séu kóngar. Eigum við ekki bara að stefna á svona fyrstu þrjú sætin og sjá svo bara til?“



VONA AÐ DANAGRÝLAN FYLGI EKKI ÞESSU LANDSLIÐI

ÓMAR RAGNARSSON

„Við höfum nú farið áður með glæsilegt landslið til Danmerkur sem þótti eitthvað það glæsilegasta sem við höfum átt. Þeim tókst að skora tvö glæsímörk en því miður skorðu Danir sjö sinnum fleiri glæsímörk. Ég vona að Danagrýlan fylgi ekki þessu landsliði og allra síst Eyjólfri Sverrisyni sem á þann einstaka bakgrunn að hafa skorað glæsímörk á móti heimsmeisturunum í París fyrir fullum leikvangi. Ég óska honum og hans lærisveinum alls hins besta.“



Taktu öðruvísi myndir



vodafone.is





Láttu ekki app úr hendi sleppa

Stórsnjall LG Optimus One á ótrúlegu verði

Komdu við í næstu verzlun Vodafone og skoðaðu þennan glæsilega kostagrip og kannaðu alla þá möguleika sem hann hefur upp á að bjóða.

LG Optimus One

2.999 kr.

á mánuði í 12 mánuði.
Staðgreitt: 35.990 kr.

vodafone.is



Traustur vinur?

Haraldur vs. Óskar

Haraldur Björnsson og Óskar Pétursson eru báðir markmenn og verða herbergisfélagar á hótelinu í Danmörku. Monitor lagði fyrir kollegana próf til að athuga hvor þekkir herbergisfélaganna sinn betur.

HARALDUR

Fæðingardagur:
11. janúar 1989.
Félag: Valur.
Uppruni: 101
Reykjavík, Valur.
Skóstærð og -tegund:
4½, Nike.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Ekki láta kappið bera fegurðina ofurliði og hafa jákvæðni að leiðarljósi.“

Það sem Óskar heldur um Halli

- Hann er Buffon-týpa. **RÉTT**
- Sells. **RÉTT**
- Ef það væri hægt að hlusta á teknóútgáfu af Coldplay, þá væri það svoleiðis.
Rétt svar: Metallica.
- Hann sefur í svona Under Armour-galla.
Rétt svar: Boxer-nærbuxum.
- Hann fengi sér kettling.
Rétt svar: Ég fengi mér tigrisdýr ef það mætti, annars hund.
- Örugglega bara að hanga með félögum. **½ RÉTT**
Rétt svar: Fara að skemmta mér í góðra vina hópi.
- Hann myndi ekki þora að vekja mig með paintball-byssu, hann veit hvers ég er megnugur. Hann tæki vatnsbalann. **RÉTT**
- Örugglega KFC.
Rétt svar: Serrano.
- Kim Kardashian, engin spurning.
Rétt svar: Barack Obama.
- Hann er Man Utd maður. **RÉTT**
- Friðrik Dór. **RÉTT**
- Hann væri fatahönnuður.
Rétt svar: Væri ennþá í skóla.

Það sem Halli heldur um Óskar

- Ég segi Edwin van der Sar.
Rétt svar: Iker Casillas.
- Það er svo breytilegt. Akkurat núna er það Stanno, segi ég. **RÉTT**
- Eitthvað svona R n' B. Örugglega Lil' Wayne.
Rétt svar: Villa Vill.
- Það er frekar illa séð að sofa nakinn, svo hann er í boxer. **RÉTT**
- Hann fengi sér hund. **RÉTT**
- Örugglega að ferðast um á partíbilnum.
Rétt svar: Fara á rjúpuveidar.
- Hann tæki balann líka.
Rétt svar: Paintball-byssuna, klárlega.
- Serrano.
Rétt svar: McDonalds.
- Hann myndi örugglega velja Kim Kardashian. **Rétt**
- Hann er örugglega svona Liverpool-ógeð.
Rétt svar: Manchester United.
- Agent Fresco. **RÉTT**
- Hann væri sjóari. **RÉTT**

HVERSU VEL ÞEKKIST ÞIÐ?

- HVER ER UPPÁHALDSMARKMAÐUR HERBERGISFÉLAGA ÞÍNS?
- Í HVERNIG MARKMANNSHÖNSKUM SPILAR HERBERGISFÉLAGI ÞINN?
- HVAÐA HLJÓMSVEIT EÐA TÓNLISTARMANN HLUSTAR HERBERGISFÉLAGI ÞINN Á TIL AÐ KOMA SÉR Í GÍRINN FYRIR LEIK?
- Í HVERJU SEFUR HERBERGISFÉLAGI ÞINN?
- EF HERBERGISFÉLAGI ÞINN YRÐI AÐ FÁ SÉR GÆLUDÝR, HVADA DÝR MYNDI HANN FÁ SÉR?
- HVAÐ FINNST HERBERGISFÉLAGA ÞÍNUM SKEMMTILEGAST AÐ GERA UTAN VALLAR?
- EF HERBERGISFÉLAGI ÞINN JETLAÐI AÐ HREKKA ÞIG UM MIÐJA NÓTT, HVORT MYNDI HANN VEKJA ÞIG MEÐ PAINTBALL-BYSSU EÐA HELLA FULLUM BALA AF ÍSKÖLDU VATNI YFIR ÞIG?
- HVER ER UPPÁHALDSSKYNDIBITI HERBERGISFÉLAGA ÞÍNS?
- HVERN AF EFTIRTÖLDUM MYNDI HERBERGISFÉLAGI ÞINN HELST VILJA HITTA: BARACK OBAMA, DAVID BECKHAM, MARK ZUCKERBERG EÐA KIM KARDASHIAN?
- MEÐ HVADA LIÐI HELDUR HERBERGISFÉLAGI ÞINN Í ENSKU?
- HVORT MYNDI HERBERGISFÉLAGI ÞINN FREKAR FARA Á TÓNLEIKA MEÐ FRÍÐRIKI DÓR EÐA AGENT FRESCO?
- EF HERBERGISFÉLAGI ÞINN VÆRI EKKI FÓTBOLTAMAÐUR, VIÐ HVAD STARFAÐI HANN ÞÁ?

ÓSKAR

Fæðingardagur:
26. janúar 1989.
Félag: Grindavík.
Uppruni: Grindavík,
Grindavík.
Skóstærð og -tegund:
44, Puma.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Ekki svo litlir lengur.“

NIÐURSTAÐA

Óskar: „Halli er náttúrulega hnýsnari maður en ég, hann hefur bæði augu og eyru fyrir því hvað aðrir eru að gera og það skilaði honum þessu eina stigi umfram mig.“

Haraldur: „Það er alltaf gott að vinna, sama hvað það er. Ég tek bara svo vel eftir og ég er mjög góður að hlusta.“



Bættu skorið



vodafone.is



Haraldur marði sigur, 6-5½

NÝTT FRÁ


DIESEL

"TURBODENIM"

FROM RAW TO VINTAGE IN 30 DAYS

Dagur 1

Dagur 30



Dagana 9 - 13 júní gefum við
Diesel bol með hverjum seldum
Diesel "TURBODENIM" buxum.*

galleri/sautjan

Smáralind | Kringlunni

Kíkið á okkur á www.ntc.is eða á [facebook](#)

*Meðan birgðir endast



Markaskorarin
Kolbeinn Sigþórsson
skorar alls staðar annars
staðar en í bakaríinu.

KOLBEINN

Fæðingardagur:
14. mars 1990
Félag: AZ.
Uppruni: Fossvogurinn,
Víkúgur.
Skóstærð og -tegund:
43. aðZero F50.
**Skilaboð til íslensku
þjóðarinnar:** „Jóhann Berg
mun ná 300 landsleikjum.“



Hvernig er stemningin í hópnun og hvaða markmið hafið þið sett ykkur fyrir mótið? Stemningin er gríðarlega góð. Við ætlum okkur allavega að komast upp úr riðlinum og ná þar með Ólympíusæti, en auðvitað yrði frábært að fara alla leið.

Það er mikið búið að tala um að þú sért að fara frá AZ til Ajax. Hvernig er staðan á því? Það er hálfgerð pattstaða eins og er og ég bíð bara eftir að heyra frá AZ. Þeir vilja fyrst kaupa framherja frá öðru liði þannig að það er ennþá óljóst hvort og þá hvenær ég fer. En það eru miklar líkur á að það verði. Ef ég skipti um félag langar mig bara að fara til Ajax, en ef ég fer ekki þangað þá klára ég þetta eina ár sem ég á eftir af samningnum mínum hjá AZ. Ég er nokkuð sáttur þar sem ég er og líður vel í Hollandi.

Þú varst í frábæru formi á síðasta tímabili og dældir inn mörkum. Hvað ætlar þú þér að ná langt í boltanum? Alveg frá því ég var lítill hef ég haft það markmið að ná á toppinn og ég vona bara að ég sé á þeirri leið. Ef ég held áfram að standa mig eru góðar líkur á að ég nái mínum markmiðum. Ég stefni á stærstu lið í Evrópu.

Hversu frægur ertu orðinn í Hollandi. Er fólk mikið að koma upp að þér úti á götu? Það er eitthvað um það. Sérstaklega eftir að ég skoraði þessi fimm mörk, þá er fólk farið að þekkja mig meira. Ég tek alveg eftir því, en tek þessu nú bara með stakri ró.

Hvers á Íslandi saknar þú mest þegar þú ert úti? Aðallega fjölskyldunnar og vinanna þar sem maður er svolítið einn. Svo eru litlir hlutir eins og matur. Ég get nefnt ísbúðirnar á Íslandi, þú færð ekki svona góðan ís úti í Hollandi. Nammið hérna heima er líka alltaf sígilt.

Þú ert gjarnan kallaður Kolli, en hefur þú aldrei verið kallaður Beini? Nei, ég hef aldrei verið kallaður Beini. Félagar mínir kalla mig Kolla og fjölskyldan yfirleitt Kolbein, en það er langt síðan ég heyrði Beini.

Þú kemur af mikilli bakarafjölskyldu og foreldrar þínir eiga Bakameistarann. Kannt þú eitthvað fyrir þér í bakstrinum sjálfur? Gjörsamlega ekki neitt. Ég reyni að halda mig frá því eins mikið og ég get. Maður át nokkra snúða þegar maður var lítill og var orðinn svolítið þykkur á tímabili. En svo reif ég mig upp úr því og hef haldið mig mestmegnis frá því síðan.

Værir þú ekki spikfeitur ef þú værir ekki í boltanum? Jú, ég myndi segja það. Ég á von á því að það komi góður kútur utan á mig þegar ég hætti í boltanum. Ég býst alveg við því, þetta er í fjölskyldunni.

Bróðir þinn er Andri Sigþórsson sem var mikill markaskorari á árum áður, en er nú kominn í bakarísrekstur. Gætir þú hugsað þér að feta í þau fótspor þegar þú leggur skóna á hilluna? Það er erfitt að segja til um það núna, en ég stefni allavega ekki á það. Andri var kominn með góða bakarískeðju í Noregi, en seldi hana og fluttist heim og stjórna núna Bakameistarannum. Í dag eru menn farnir að skjóta á hann úti í bæ og kalla hann „Feita Kolbein“.

ALLTAF
ÆTLAÐ MÉR
Á TOPPINN

Maður át nokkra snúða þegar maður var lítill og var orðinn svolítið þykkur á tímabili.

PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI



HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á
HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU,
LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ
HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI.
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÐOL.

Bjarni Þór Viðarsson
sér um að halda liðs-
félögum sínum á tánum

BJARNI ÞÓR

Fæðingardagur:
5. mars 1988.

Félag: KV
Mechelen.

Uppruni: Hafnar-
fjörður, FH.

Skóstærð og -tegund:
44, Adidas Predator.

**Skilaboð til íslensku þjóðar-
innar:** „Með góðum huga hafði
sjálft má brúa.“



STOLTUR AÐ BERA BANDIÐ

▀▀ **Sálin var að
spila og þegar
þeir tóku „Þú fullkomn-
ar mig“ leit ég í augun
á henni og ég sá bara líf
mitt framundan.**

Byrjum á því leiðinlega. Þú sast mikið á bekknum í vetur hjá þínu félagsliði, hver eru þín næstu skref í boltanum? Það er að koma sér í burtu frá KV Mechelen en hvert það verður er enn óráðið. Það eru einhverjir möguleikar í spilunum og EM er ákveðinn gluggi. Ef einhver lið eru að velja mér fyrir sér en efast um hæfileika mína því ég vermdi bekkinn mikið í vetur þá er EM góður vettvangur til að sanna sig.

En þér líður vel í Belgíu? Já, mjög vel. Ég bý í hálf tíma frá Arnari Þór, elsta bróður mínum, svo ég fer auðveldlega í heim-sókn til hans. En þó mér líði vel þá lítur allt út fyrir að ég rói á önnur mið.

Þú varst kominn mjög nálægt aðalliðinu hjá Everton þegar þú varst þar. Hvað var það sem olli því að þú náðir ekki að taka skrefið til fulls? Ég myndi segja að það hafi verið óþolinmæði aðallega og ég vil meina að ég hefði þurft að vera eilítið sterkari líkamlega. Sumir vina minna sem voru með mér í akademíunni hjá Everton fengu síðar sénsinn á meðan ég fór til Hollands árið 2008, 19 ára. Svona eftir á að hyggja hefði verið viturlegt að vera áfram hjá Everton en þetta er eitthvað sem ég læri mikið af.

Þú sést kyssa ljóshærða þokkadís í nýrri Coca Cola-auglýsingu. Ert þú lofaður henni eða var þetta sænsk ofurfyrirsæta á launum? Þetta var Anna Kournikova, tennisdrottning. Nei, nei, þetta var hún Dóra Sif, kærastan mín. Við höfum verið saman í fjögur ár og hún býr úti hjá mér. Yndisleg stúlka.

Nú fórst þú út ungur að árum. Var það svolítið happa og glappa hvort ástin yrði íslensk? Nei, nei, maður er svo sem alltaf búinn að vaða í kellingum svo það var nú kannski ekki vandamál. Ég þurfti svo bara að velja hvort ég vildi íslenska eða enska og auðvitað valdi ég íslenska.

En hvernig kynntust þið? Það var þannig að Friðrik Dór, frændi minn og stórsöngvari, dró mig með sér á eitthvað ball um áramótin 2006 og þar sá ég hana. Sálin var að spila og þegar þeir tóku „Þú fullkomnar mig“ leit ég í augun á henni og ég sá bara líf mitt framundan.

Belgar eru þekktir fyrir að fá til sín unga afríska leikmenn til að bæta þá og selja svo til stórliða. Sumir þeirra komast ekki að hjá liðunum. Hvað verður um þá? Þeir fara bara aftur til Afríku. Ég kvaddi einmitt einn um daginn, hann heitir Iddi Junior. Hann fékk ekki áframhaldandi samning og þurfti að fara til baka í knattspyrnskólann í Afríku. Ég náttúrliga tók bara „high five“ á hann og við ætlum að vera í bréfasambandi.

Talar þú flæmsku reiprennandi? Ég myndi nú ekki segja reiprennandi en ég er orðinn frekar sjóður. Ég kunnir nokkur orð áður en ég kom þar sem ég hafði oft heimsótt Amar bróður. Svo er það þannig í Hollandi og Belgíu að maður þarf að fara tvisvar í viku í tungumálakennslu því þeir leggja mikið upp úr því að maður nái góðum tókum á tungumálinu.

Hvað hefur fyrirlíðastaðan í för með sér? Innan vallar þarf ég að halda mönnum á tánum fyrir leiki og stappa stálinu í menn. Á vellinum þarf ég oft að vera í meiri samskiptum við dómara. En í þessu landsliði er samstaðan sterk og það eru allir mjög fljótir að mæta á svæðið þegar bakka á upp félagann. Utan vallar er ég í samskiptum við KSÍ og þjálfara. Ef leikmenn hafa ákveðnar óskir eða athugasemdir þá kem ég því áleiðis.

Pabbi þinn var fyrirlíði FH og landsliðsins og bræður þínir tveir hafa borið fyrirlíðabandið hjá sínum félagsliðum. Hvaðan kemur þessi fyrirlíðamening? Ég veit ekki. Það eru kannski margir sem hugsa meira um sjálfan sig á meðan að mér finnst gaman að binda saman ákveðna heild, landsliðið. Það fylgir því sérstaklega mikið stolt að bera bandið í landsleik og um helgina á sú tilfinning eftir að verða enn magnaðari þegar við spilum fyrsta leikinn á EM.

KÓRÓNAÐU DAGINN



HÁMARK - KONUNGLEGUR PRÓTEINDRYKKUR

Rúrik Gíslason
er hæfileikaríkur
nautnaseggur

RÚRIK

Fæðingardagur:
25. febrúar 1988.

Félag: OB

Uppruni: Kópavogur, HK.

Skóstærð og -tegund:
42, Puma.

Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Takk fyrir stuðninginn hingað til. Við ætlum okkur að borga ykkur til baka með góðum árangri.“



DREYMIK UM AÐ VERÐA ROKKSTJARNNA

Einu skiptin sem
ég vil ekki hugsa
um hann sem bróður minn
er þegar hann fer að sofa á
kvöldin með systur minni.

Þú fórst út í atvinnumennskuna á unglingsárum og hefur meira og minna búið erlendis síðan. Saknar þú þess aldrei að búa á Íslandi? Nei, alls ekki. Fyrst þegar ég fór út það ég fólk sem kom til mín alltaf um að koma með einhvern íslenskan mat með sér og svona, en það hefur breyst. Ég hef ekki lengur jafnmikla þörf fyrir að fara til Íslands, nema þá bara til að hitta fjölskyldu og vini. Þau eru samt svo dugleg að heimsækja mig þannig að ég sakna þess ekkert svakalega að fara til Íslands. Ætli ég sé ekki orðinn þínu útlandingur núna.

Þú spilar með OB í Danmörku. Danir eru þekktir fyrir að vera mátulega hrokafullir gagnvart Íslendingum. Færð þú einhvern skít fyrir að vera Íslendingur? Já, þeir eru hrokafullir og kalla mig oft Grænlandinginn, en það er allt í góðu gríni. Ég fékk líka mikið að heyra það í kringum þessi eldgos. Þá spurðu þeir hvort það ætti ekki bara að loka þessu landi svo menn gætu farið að fljúga að vild.

Hvað er skrítnast í Danmörku eða við Dani? Þeir eru alveg sjúklega nískir. Öll aukaneysla er illa liðin og maður hálfskammast sín fyrir að eiga einhvern ágætan bíl, þá er bara horft á mann með hornauga.

Er það ekki sérstakt fyrir þig? Þú hatar ekkert að gera vel við þig. Jú, ég hef hrikalega gaman af því að gera vel við mig og er kannski svolítil nautnaseggur. Mér finnst líka gaman að gera vel við gesti sem ég fæ og leyfa þeim að hafa það gott þegar þeir koma til mín.

Kópavogur, London eða Óðinsvé? Allir þessir staðir hafa sinn sjarma. Mér leið hrikalega vel í London og fannst auðvelt að flytja þangað því ég kunní tungumálið og það er svo margt skemmtilegt í London. Þar var líka alltaf eitthvað fólk að detta óvænt í heimsókn og þetta er bara meiriháttar borg. Ég get samt ekki skilið Kópavog út undan því ég ólst þar upp og það var meiriháttar. Óðinsvé er líka frábær staður og mér líður mjög vel þar. Ég er líka kominn með dönskuna og það kannski blundar smá Dani í mér.

Uppeldisfélag þitt, HK, er á botni íslensku 1. deildarinnar. Munt þú enda ferilinn hjá HK og rífa liðið upp úr ruglinu? Ég veit það ekki. Ég er hálfvull út í HK þar sem þeir skulda mér ennþá 25 þúsund kall sem ég átti að fá fyrir að skrifa undir þegar ég var 16 ára (hlær). Nei, ég er hrikalega ánægður með HK og er auðvitað HK-ingur út í gegn. En það er ómögulegt að segja hvar HK verður þegar ég hætti í atvinnumennsku. Ég hef trú á að þeir verði bara búnir að rífa sig upp sjálfir og ég þarf ekkert að mæta til að rífa þetta upp. Ég mæti bara og spila með þeim í úrvalsdeildinni.

Systir þín var að ganga í það heilaga með Jóhannesi Ásbjörnssyni um síðustu helgi. Er hann verðugur mágur? Já, hann er það. Við náum mjög vel saman, hann er hrikalega skemmtilegur og ég held að allir sem þekkja hann séu sammála mér um það. Hann er búinn að njóta mikillar velgengni upp á síðkastið og á hana algjörlega skilið. Jói er mikið ljúfmenni og er meira í mínum augum eins og bróðir en mágur. Einu skiptin sem ég vil ekki hugsa um hann sem bróður minn er þegar hann fer að sofa á kvöldin með systur minni.

Þú ert lunkinn gítarleikari og tókst lagið í brúðkaupsveislunni sem fór fram í sal í Hörpunni. Hvernig var að halda sína fyrstu tónleika í Hörpunni? Það var geggið. Sólóferillinn er kannski að fara aðeins fram úr mér, en mig dreymir um að verða rokkstjarna einn daginn og að byrja á 150 mann giggi í Hörpunni var bara meiriháttar. Ég ætla samt að láta gestina dæma um hvernig frammistaðan var. Ég viðurkenni að ég var ansi stressaður, en ég fékk mikið hrós frá viðstöddum.

Ef þú þyrftir að skipta um líf við einn tónlistarmann, hver myndir þú vilja vera? Ég væri til í að hafa samanlagða gítarhæfileika John Mayer og Jimi Hendrix, geta sungið eins og Jimmy Page, rappað eins og Kanye West og með tekjur Bítlanna. Þá væri ég helvíti góður.



MONITOR





MONITOR





Dressmann[®]

WWW.DRESSMANN.COM

AKUREYRI S:4627800. SMÁRALIND S:5659730. KRINGLUNNI S:5680800. LAUGAVEGI S:5629730

Gylfi Þór Sigurðsson
er útgerðarmaður
í Hoffenheim

GYLFI ÞÓR

Fæðingardagur:
8. september 1989.
Félag: Hoffenheim.
Uppruni: Hafnarfjörður, FH.
Skóstærð og -tegund: 43,
adizero F50.
**Skilaboð til íslensku
þjóðarinnar:** „Það er löng leið
frá Íslandi til himnaríkis.“

STELPURNAR Í HOFFENHEIM HUGSA BARA UM HÆNSNI

Alfreð fær töluvert
af pókum til baka
þar sem hann er sjálfur
mikið í því að póka.

Þú ert samningsbundinn Hoffenheim næstu þrjú tímabil. Hvernig liður þér hjá liðinu? Mér leið ekki vel fyrr en í síðustu fjórum leikjunum í deildinni. Þá fyrst fór ég að byrja inni á en fram að því þurfti ég að þola mikla bekkjarsetu. Slíkt er ekki skemmtilegt, sérstaklega í svona litlum bæ þar sem er lítið annað um að vera og sjálfstraustið datt eilítið niður á tímabili en þetta leit aðeins betur út undir lokin. Ég átti gott spjall við nýja þjálfarann áður en ég flaug til Íslands og hann leggst betur í mig en pappakassinn sem var á undan honum. Þannig að ég býst við að ég taki allavega eitt tímabil í viðbót í Þýskalandi og ef allt gengur vel sé ég mig klára samninginn þar. Allir í kringum liðið eru mjög fínt fólk en þetta snýst jú um að fá að spila svo ég vona að maður leiki stærra hlutverk á næsta tímabili.

En hefur þú óvart öskrað „Hitler“ á dómara á þýsku deildinni? Nei, það hefur ekki gerst ennþá. Ég hef reyndar verið að prófa að segja þetta við strákana í liðinu og reyni að fá smá viðbrögð frá þeim en þeir kippa sér lítið upp við þetta.

Hvað gerir þú þegar þú ert að chilla með gaurunum í Hoffenheim-liðinu? Við spilum golf, FIFA-tölvuleikinn og förum í bíó. Það er nú lítið annað hægt að gera í þessum litla bæ. Við getum farið til Heidenberg og Mannheim sem eru stærri borgir hér stutt frá. Ef maður er í verslunarfiling getur maður farið til Frankfurt, Stuttgart eða jafnvel Parísar. Ég tek kærustuna stundum þangað í rómantískar ferðir.

Já, þú ert einmitt með fyrrverandi ungfrú Ísland, Alexöndru Helgu Ívarsdóttur, ekki satt? Já, ég kynntist henni stuttu eftir að ég kom til Hoffenheim og er mjög ánægður með henni.

Er ekki erfitt að vera kærastan þín? Þarf hún ekki að lemja stelpur í burtu frá þér? Nei, þær eru lítið í því að ofsækja mann hér. Það eru svona þrjú þúsund manns sem búa hér og flestar stúlkur eru bara að hugsa um einhver hænsni úti í garði hjá sér svo að Alexandra þarf litlar áhyggjur að hafa.

En ertu að fá mörg pók á Facebook? Ég get nú ekki sagt það. Ég held að Alfreð sé að fá eitthvað af pókum. Hann fær töluvert af pókum til baka þar sem hann er sjálfur mikið í því að póka.

Er hann að monta sig mikið af pókunum? Nei, hann hefur vit á því að þegja þar sem hann veit að það eru margir í liðinu sem eru að vinna hann í pókunum.

Hvenær ætlar þú að eignast lítinn fótbolta-gutta? Það eru nokkur ár í það. Ég er á góðum stað í lífinu í dag og það er gott að njóta þess í smá stund í viðbót.

En ef þú eignast stelpu mun hún þá ekki heita Andrea Gylfadóttir? Ég held ég finni eitthvað annað nafn. Ég ætla ekki að ala dótturina upp í söngkonu því ég er sjálfur slappur söngvari.


Hefur þér ekki dottið í hug að stofna svona starfsteymi í kringum þig í anda Entourage-þáttanna? Ekki ennþá. Ég er nú samt duglegur að fá til mín vini frá Íslandi. Það er leiðinlegt að vera einn úti án vina og því nauðsynlegt að bjóða þeim stundum út. Það er ekkert gaman að vera kominn á þennan stað í lífinu og njóta þess ekki til fulls með vinum og fjölskyldu.

Hvernig ertu að fila þig sem stjórnarformann hjá útgerðarfélagi? Ég náttúrliga kem lítið að þessu. Ég er bara að tryggja framtíðina því maður spilar ekki fótbolta að eilífu. Ég er svona smám saman að koma mér inn í þetta þó að þetta sé nú mest í höndum föður míns.

Hefur þú farið á sjó sjálfur? Ég hef nú aldrei farið á togara eða eitthvað slíkt en ég hef nú eitthvað verið að leika mér á minni bátum í sjóstangveiði.

Lætur þú flytja hluta af afurðunum út til þín svo að þú getir metið gæði fíksins sjálfur? Já, ég geri það einmitt. Fiskurinn þarf að vera ferskur svo það er mjög gott að senda hann út til Hoffenheim áður en hann er seldur.

Hafnarfjörður, Reading eða Hoffenheim? Ég held að það sé best að vera í Hafnarfirðinum, í Setberginu. Gott að detta í Vesturbæjaris í Hafnarfirðinum og fara í smá körfubolta hjá Setbergsskóla. Það er líka alltaf svo frábært veður á Íslandi, maður er yfirleitt bara á stuttermabolnum í körfu og með ís. Mér verður alls ekkert kalt þannig.



Gylfi Sigurðsson
Framherji

Coca-Cola® er stoltur stuðningsaðili
íslenska U-21 árs landsliðsins.



UEFA
UNDER21
CHAMPIONSHIP
DENMARK 2011

'Coca-Cola', 'Coke' and the 'Coca-Cola' contour bottle are trademarks of The Coca-Cola Company. © 2011 The Coca-Cola Company.

DAVIDSON

Sóknarmaðurinn
Alfreð Finnbogason
er með háan standard

ALFRED

Fæðingardagur:
1. febrúar 1989.

Félag: Lokeren.

Uppruni: Grindavík og
Grafarvogur / Grindavík,
Fjölínir og Breiðablik.

Skóstærð og -tegund:
42 ²/₃, Adidas Predator.

**Skilaboð til íslensku
þjóðarinnar:** „Skúli Jón
felur kollvikin sín mjög
vel og áfram Ísland!“

FIMMUR FINNBOGASON MED ÖRYGGIÐ Á ODDINUM



**Ekki missa
af neinu**



vodafone.is



Ég fæ bara
„respect“ fyrir
Durex-auglýsingarnar.

Hvernig finnst þér að búa í Belgíu og hvað er skrytnast við Belga? Það er mjög fínt að búa í Belgíu og Belgar eru mjög fínir margir hverjir. En þeir eru mjög nískir. Þegar ég fer að versla í matvörubúðum og kaupi poka þá er horft á mig eins og ég sé einhver Bill Gates. Heföin í Belgíu er nefnilega að það koma allir með poka með sér í búðina. Belgar eru að minnsta kosti nískari en Íslendingar.

Er það rétt að það eina sem atvinnumenn í knattspyrnu geri utan vallar sé að spila PlayStation? PlayStation, golf og sofa. Það eru þrjú mjög vinsæl hobbí.

Nú er töluð flæmska í Lokeren. Að læra þetta tungumál er kannski ekki að fara að nýtast þér neitt brjálæðislega í lífinu eða hvað? Ég held að það tali sjö milljónir manna flæmsku, en flæmska er afbrigði af hollensku þannig að þú átt að geta reddað þér með flæmskunni í Hollandi. Þetta er allt að koma hjá mér. Franskan kemur aðeins með líka þannig að þetta er svona tveir fyrir einn.

Á dögunum tókstu þátt í knattþraut í belgískum sjónvarpsþætti þar sem það tók þig tvær mínútur að skjóta fótbolta fimm sinnum í slána frá vítateigslínu, sem verður seint talinn góður árangur. Hvað var málið? Ég sá snemma að ég var ekki að fara að slá metið þannig að ég ákvað að vera skemmtilegur og búa til gott sjónvarpsefni. Nei, þetta var eiginlega bara „worst case scenario“. Menn hafa gert grín að þessu, en ég tek því bara eins og maður enda gaf ég skotleyfi á mig. Ef ég myndi taka þetta aftur án myndavéla myndi ég ná þessu á hálfri til einni mínútu.

Hvort hafa menn gert meira grín að þér fyrir árangurinn í sláarkeppninni eða fyrir það að vera andlit Durex-smokka í nýjstu auglýsingaherferð fyrirtækisins? Ég fæ bara „respect“ fyrir Durex-auglýsingarnar. Ég fæ engan skít fyrir þær, þannig að sláarkeppnin hefur yfirhöndina.

Hvernig kom til að þú varst fenginn í þessar auglýsingar? Ertu mesti hösslerinn í liðinu? Nei, ég vil nú ekki eigna mér þann titil. Það verður eiginlega bara að spyrja Durex af hverju þeir fengu mig.

Af hverju ert þú ekki á föstu? Ég er ennþá að leita að þessari einu sönnu. Ég er með svo háan standard að það er erfitt að binda sig við eina.

Belgískir heimildarmenn Monitor segja að þú sért kallaður Knallfred í Belgíu. Er það rétt? Ég verð að vísa þessu til föðurhúsanna. Ég hef aldrei verið kallaður Knallfred, en þetta birtist reyndar í einhverju blaði. „Knall“ þýðir fimur eða fær, þetta er einhver orðaleikur. Þeir eru sniðugir Belgarnir.

Fimur Finnbogason? Myndir þú taka það nafn upp fyrir rétta upphæð? Er ekki allt falt fyrir rétta upphæð?

Ertu skirður í höfuðið á Alfreði brytanum hans Batman? Nei, ég er skirður í höfuðið á afa mínum, Alfreði Finnbogasyni. Hann var ekki brytinn hans Batman. En brytinn hans Batman er örugglega frægasti Alfreðinn.

Hvort kemur þú frá Grindavík, úr Grafarvogi eða Kópavogi? Ég er grindvískur Grafarvogsbúi. Ég hef aldrei búið í Kópavogi, ég fór bara í Breiðablik þegar ég var 15 ára. Við bjuggum fyrst í Grindavík, svo fluttum við til Skotlands í tvö ár og þaðan í Grafarvoginn þegar ég var 10 eða 11 ára. Maður á rætur á nokkrum stöðum.

Hvort er meira gettó, Grindavík eða Grabbinn? Grindavík er náttúrulega grjótharður bæ. Þú átt ekkert leið hjá Grindavík, þú ferð bara í Grindavík. Það er engin leið framhjá. Það er alltaf gaman í Grindavík.

Þú ert ídulega kallaður Freddi. Hefur þú hugleitt að opna aftur spilasalinn Fredda sem var að gera góða hluti í Hafnarstræti á 10. áratugnum? Ég vissi reyndar ekki af þessum spilasal, en þetta er mjög sniðug hugmynd. Ég geng í málið þegar ég hætti í boltanum.



Safnaðu! Skjóttu! Sigradu!



Nú fylgir Kung Fu Panda 2 þyrla með öllum seldum Lucky Charms pökkum.

Safnaðu öllum 8 Kung Fu þyrlunum og náðu tign Kung Fu skotmeistara.

Lucky Charms

stíllinn

Samsøe Samsøe

15.990 kr.

Samsøe Samsøe

3.990 kr.

Diesel Turbo Denim, Tepphar

18.990 kr.

Converse

13.990 kr.

Libertine Libertine

7.990 kr.

Diesel Turbo Denim, Jodar

19.990 kr.

Converse

18.990 kr.

HJÖRTUR LOGI

Fæðingardagur:

27. september 1988.

Félag: IFK Göteborg.**Uppruni:** Hafnarfjörður, FH.**Skór:** 43, Adidas Predator.**Skilaboð til íslensku****þjóðarinnar:** „Safnast

þegar saman kemur,

margt smátt gerir

eitt stórt. Leggðu

okkur lið, það liggur

svo mikið við.“



ARNAR DARRI

Fæðingardagur: 16. mars 1991.**Félag:** SønderjyskE.**Uppruni:** Garðabær,

Stjarnan.

Skór: 49 2/3, Adidas

Predator.

Skilaboð til íslensku**þjóðarinnar:** „Maðurinn

einn er ei nema hálfur, með

öðrum er hann meiri en hann

sjálfur.“



Vertu rétt stilltur



vodafone.is



Sindri Snær Jenson, verslunarstjóri **Sautján** í Kringlunni, hjálpaði **Monitor** að gera forsíðufákana fimm huggulega í jakkafötum og dressaði líka Stílstrákana upp. Hann er ekki bara verslunarstjóri því hann ver einnig mark Vals í knattspyrnu. Þar keppir hann við **Harald Björnsson**, markvörð U21 landsliðsins, um stöðuna í liðinu en Halli vinnur líka í Sautján.

EGGERT

Fæðingardagur: 18. ágúst 1988.
Félag: Hearts.
Uppruni: Eskifjörður, Fjarðabyggð.
Skór: 44, Adidas Predator.
Skilaboð til Íslensku þjóðarinnar: „Bræðingur, þeytingur, búðingur, stuðningur. Af þessum fjórum orðum sem enda öll á -ingur vil ég leggja mesta áherslu á stuðningur því hann skiptir okkur máli. TAKKI!“



Diesel
18.990 kr.

Samsøe Samsøe
4.990 kr.

Converse
13.990 kr.

Samsøe Samsøe
23.990 kr.

Samsøe Samsøe
6.990 kr.



HÓLMAR ÖRN

Fæðingardagur: 6. ágúst 1990.
Félag: Samningsbundinn West Ham út júní.
Uppruni: Kópavogur, HK.
Skór: 43, Adidas Predator.
Skilaboð til Íslensku þjóðarinnar: Styðjið vel við bakið á okkur og verið jákvæð.



Diesel Turbo Denim, Jodar
19.990 kr.

Converse
15.990 kr.

Diesel Turbo Denim, Tepphar
18.990 kr.

Þokkafyllri en faðirinn

Monitor fékk fjóra leikmenn liðsins til að dressa sig upp í Sautján. Hólmur Örn Eyjólfsson ræddi um framtíð sína í tískuheiminum og klæðaburð föður síns, landsliðsþjálfarans.

- **Ætlar pabbi þinn að vera í jogginggalla eða í jakkafötum á hliðarlínunni?** Ég held hann verði í jogginggallanum þó mér finnst að hann ætti að vera í jakkafötunum þar sem það er alveg heldtöf. Menn eins og Guardiola láta ekki sjá sig í jogginggalla en gamli fer alltaf sínar eigin leiðir og verður eflaust mjög flottur á hliðarlínunni.
- **Hefur þú þokkann frá föður þínum?** Já, ég ætla að vona ég hafi hann og rúmlega það.
- **Eruð þið saman í herbergi í Danmörku?** Nei, við erum ekki saman í herbergi en það væri samt gaman. Hann er samt alltaf chillandi inni á herbergi hjá mér þannig að ég losna ekkert við hann.
- **Hvernig leið þér í myndatökunni?** Ég flaði mig alveg hrikalega vel og sé mig í þessu kannski svona með ferlinum.

- **Myndir þú þá starfa áfram sem fyrirsæta eftir knattspyrnuferilinn?** Já, ef maður er ennþá ágætlega útlítandi þá veit maður aldrei. Annars ætlaði ég alltaf að verða tónlistarmaður eftir ferilinn, ég er nefnilega hrikalega góður á gítar og syng eins og engill. Ég er ekki farinn að semja neitt af viti ennþá en gæti séð fyrir mér að stofna dúett með Rúrik og gefa út plötu með lögum um landsliðsferðirnar.
- **Hver í liðinu er líklegastur til að hætta í boltanum og gerast fyrirsæta?** Ætli það sé ekki Rúrik? Ég held að það myndi eiga vel við hann þar sem hann er myndarlegur strákur og gæti átt ágætisferil í þessu.
- **Hverjir eru mestu tiskulöggurnar í liðinu?** Án efa Halli landsliðs. Hann lætur aldrei góma sig í einhverju gömlu

2008 dæmi, hann er alltaf fresh. Hann reyndar vinnur í fatabúð svo hann hefur ákveðið forskot. En það er klárt mál að það eru ekki Bjarni og Gylfi þar sem þeir eiga það til að vera í vandræðalegum fötum sem eiga ekki við hér og þar. Þeir eiga það til að kaupa sér dýr fót sem eru ljót.

- **Fara menn mikið niður í bæ að versla fót í landsliðsferðunum?** Jú, jú, það gerist alveg. Gylfi er til að mynda mikið í því. Ég held hann kaupir sér einn leðurjakka í hverri landsliðsferð.
- **Mætið þið í jakkafötum í leiki eða jogginggalla í landliðinu?** Það er jogginggalli. Ég veit ekki hvort maður myndi nenna að fara í jakkafötum í rútuna. Maður er oft klukkutíma á leið í leik og það er ekkert sérstakt að vera of vel gyrtur í skyrtu og jakkafötum. Það er ekki málið.

Gáfna ljós U21

Liðsmenn U21 segja Framarann **Almarr Ormarsson** og KR-inginn **Skúla Jón Friðgeirsson** vera klárustu leikmenn liðsins. **Monitor** lagði fyrir þá spurningakeppni þar sem spurt var um almenna þekkingu til að komast að því hver er klárasti leikmaður liðsins.

SPURNINGAR

1. HVER ER HÖFUNDUR SÁLMSINS LOFSÖNGUR, SEM ER ÞJÓÐSÖNGUR ÍSLENDINGA?
2. EUROVISION VERÐUR HALDIÐ Í ASERBADSJAN Á NÆSTA ÁRI. HVAÐ HEITIR HÖFUÐBORG LANDSINS?
3. HVER SKRIFAÐI BÓKINA KRISTNIHALD UNDIR JÖKLI?
4. HVER ER INNANRÍKISRÁÐHERRA ÍSLANDS?
5. HVAÐAN AF LANDINU KEMUR EYJÓLFUR SVERRISSON, ÞJÁLFARI U21-LIÐSINS?
6. HVAÐA REIKISTJARNA ER NÆST SÓLU?
7. HVAÐ HEITIR STÆRSTI SALURINN Í TÓNLISTARHÚSINU HÖRPU?
8. HVAÐ HEITIR EIGINKONA BARACK OBAMA?
9. HVAÐA FYRRUM STJÓRN MÁLAMAÐUR ER MÁGUR GUÐJÓNS ÞÓRÐARSONAR ÞJÁLFARA?
10. HVAÐ NEFNIST KARLDÝR SELS?
11. FRÁ HVAÐA LANDI ER BIFREIDIN FIAT UPPRUNNIN?
12. STJÓRNULÖGFRÆÐINGURINN SVEINN ANDRI SVEINSSON OG KRISTRÚN ÖSP BARKARDÓTTIR HÆTTU SAMAN Á DÖGUNUM. HVAÐ ERU MÖRG ÁR Á MILLI ÞEIRRA Í ALDRI (SKEKKJUMÖRK EITT ÁR)?

Sudoku í
snjallsímamann



vodafone.is



SVÖR SKÚLA JÓNS

1. Matthías Jochumsson
2. Baku
3. Halldór Laxness
4. Ögmundur Jónasson
5. Sauðárkróki
6. Mars
7. Eldborg
8. Michelle
9. Guðlaugur Þór
10. Ég veit það ekki
11. Ítalíu
12. 26 ár

SVÖR ALMARRS

1. Matthías Jochumsson
2. Ég man það ekki
3. Halldór Laxness
4. Ögmundur Jónasson
5. Hann er frá Sauðárkróki
6. Venus
7. Eldborg
8. Segjum að hún heiti Lilly
9. Ég giska á Davíð Oddsson
10. Selsnaut
11. Fiat er ítalskur
12. 27 ár

SKÚLI JÓN

Fæðingardagur:
30. júlí 1988.

Félag: KR.

Uppruni: Seltjarnarnes, KR.

Skóstærð og -tegund:
43, Adidas Predator.

Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Alfreð Finnbogason er ekki jafn heimskur og hann lítur út fyrir að vera.“

ALMARR

Fæðingardagur:
25. febrúar 1988.

Félag: Fram.

Uppruni: Akureyri, KA.

Skóstærð og -tegund:
40 2/3, Adidas Predator.


Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Hafið gaman af þessu.“

Eins og að vinna pílukast blindra

„Þetta kom alls ekki á óvart,“ sagði Skúli Jón Friðgeirsson fullur sjálfstrausts eftir að hafa lagt Almarr að velli með 9 stigum gegn 7. „Ég bjóst nú við meiri samkeppni frá Almarr. Hann er í verkfræði og það er alltaf einhver norðanrembingur í honum. Það sannaðist hér að borgarbörnin vita alltaf betur,“ sagði Skúli, en sagðist vera hæfilega ánægður með titilinn. „Þetta er kannski ekki mesta viðurkenning í heimi, enda eru ekkert miklar mannvitsbrekkur í liðinu. Að vera klárastur í þessum 23 manna hópi er eins og að vinna pílukast blindra,“ sagði Skúli léttur.

Lífið heldur áfram

Almarr Ormarsson tók tapinu með reisu. „Skúli er klár strákur þannig að ég skammast mín ekkert fyrir að tapa fyrir honum. Ég verð að sætta mig við að vera næstklárastur, en það er ekkert slæmt í svona stórum hópi. Lífið heldur áfram,“ sagði Almarr. Hann játti því þó að nú þyrfti hann að sanna að hann væri betri en Skúli á knattspyrnuvelli-um til að halda virðingunni.



JÓHANN BERG

Fæðingardagur: 27. október 1990.
Félag: AZ Alkmar.
Uppruni: Kópavogur, Breiðablik.
Skóstærð og -tegund: 42, adiZero F50.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Það verður big party þegar við komum heim með dolluna.“

ÆTLAR JÓHANN AÐ HÝSA ÞETTA BIG PARTY?

Mynd/Sigurgeir

Reddar sér á hollensku

Jóhann Berg Guðmundsson lauk nýverið sínu fyrsta heila tímabili í Hollandi og er sáttur með lífið þar.

„Tímabilið byrjaði vel hjá mér, skoraði í fyrsta leik og það gekk vel fyrir áramót. Eftir áramót meiddist ég svo það var aðeins erfiðara. Úti æfir maður milli klukkan níu og eitt og svo reynir maður að kíkja niður í bæ. Við Kolli höngum mikið saman, fórum saman að borða og svona.“

segir Jóhann. „Ég mætti nú alveg vera duglegri að læra hollenskuna en ég skil allt og get reddað mér,“ bætir hann við. „Markmiðið úti með landsliðinu er náttúrulega bara að komast upp úr riðlinum og ná Ólympíusæti. Allt annað er bara bónus.“

Draumalið Jóhannns Berg

Cristiano Ronaldo
Minn uppáhalds-leikmaður. Með bestu tækni og skot í heimi. Er líka vel hrokafullur og ég hef gaman af því.

Wayne Rooney
Þessi er glerharður Breti. Hann hefur allt, frábær skot, sendingar og hraða. Gefur sig alltaf 110% í leiki og það vill maður sjá.

Lionel Messi
Getur sólað hvern sem er og hvenær sem er. Skorar fullt af mörkum og leggur einnig helling upp. Er einn sá allra bestu sem uppi hefur verið.

Andrés Iniesta
Heldur boltanum virkilega vel og er alltaf með góðar sendingar sem oftast ekki gefa mark, hann og Xavi eru eiginlega of góðir saman.

Xavi
Þessi maður er í ruglinu hann er svo góður, les leikinn vel og með virkilega góðar sendingar, fullkominn leikmaður.

David Beckham
Hann er ennþá að sprikla þannig hann fær sæti í liðinu mínu, með bestu sendingar og aukaspyrnur í heimi og hleypur endalaust.

Patrice Evra
Franski rennilásinn, hann er upp og niður allan leikinn og er bæði góður varnarlega og sóknarlega, alltaf gott gengi á evrunni.

Nemanja Vidic
Hann er einfaldlega besti hafsent í heiminum, glerharður og hrikalega góðar tæklingar.

Ricardo Carvalho
Hrikalega góður varnarmaður, held það sé vel þirrandi að spila á móti honum enda frá Portúgal. Þegar hann fór frá Chelsea þá hrundi allt saman sem segir mikið um hversu mikilvægur hann var fyrir þá.

Sergio Ramos
Þessi maður er grjótharður og það fíla ég, getur verið stundum of villtur en það er bara gaman af því.

Sergio Romero
Þessi samherji minn er einnig í landsliði Argentínu, hrikalega góður á milli stanganna og með rosaleg spörk. Verður klárlega einn besti markvörður í heiminum eftir nokkur ár.

Nýjustu sýnishornin

vodafone.is



Ekkert bjargar Catwoman

Guðmundur Kristjánsson er kvikmyndasérfræðingur U21 og hér gerir hann meðal annars grein fyrir bestu og verstu kvikmyndum bransans.

- Topp 3 listinn minn:**
- #1 - **The Good, the Bad and the Ugly**
Kábojamynd sem fjallar um þrjá eitilharða kúreka sem keppast um að ná gulli sem grafið er í kirkjugarði nokkrum. Stórkostleg mynd sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.
 - #2 - **Almost Famous**
Fjallar um ungan strák sem fær tækifæri til að túra með heimsfrægri hljómsveit til að skrifa grein fyrir Rolling Stone tímaritið. Þar kynnist hann bæði gleðinni og geðveikinni sem fylgir rokklífurninu.
 - #3 - **Léon: The Professional**
Leigumörðingi tekur munaðarlausa stúlkunni undir sinn verndarvæng og kennir henni fag sitt til að hún geti náð fram hefndum.
- Besta fótþoltamynd:**
Green Street Hooligans
Fjallar um fótþoltabullurnar í Englandi, líf þeirra og trúarbrögð.
- Besta íslenska kvikmynd:**
Englar alheimsins
Ungur maður greinist með geðklofa og líf hans tekur stakkaskiptum. Frábær mynd gerð eftir frábærri bók.
- Versta mynd:**
Catwoman
Allur kvenlegur sjarmi og kynþokki heimsins gæti ekki bjargað þessu stórslysi. Þrátt fyrir að Halle Berry hafi nú reynt það.
- Síðasta mynd sem ég sá í bíó:**
Hangover: Part II
Stóð fyrirrennara sínum ekki á sporði og olli mér smá vonbrigðum þrátt fyrir nokkra ágætis spretti.



GUÐMUNDUR

Fæðingardagur: 1. mars 1989.
Félag: Breiðablik.
Uppruni: Bolungarvík.
Skóstærð og -tegund: 43 og 1/3, AdiPure.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Munið að það sem við gerum í lífinu bergmálar í eilífðinni.“

BOÐSKAPUR GUMMA MUN EFLAUST BERGMÁLA Í EILÍFÐINI

Mynd/Galli

Maður með sólhatt í flugi er tískulögga

Yfirheyrslan

Monitor tók Andrés Má Jóhannesson, Elfar Frey Helgason og Þórarinn Inga Valdimarsson í yfirheyrslu um hver væri mesti hösslerinn í liðinu, hver væri með stærsta svínið og fleira fróðlegt.



ANDRÉS MÁR

Fæðingardagur: 21. desember 1988.
Félag: Fylkir.
Uppruni: Árbærinn, Fylkir.
Skóstærð og -tegund: 43, Adidas Predator.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Áfram Ísland!“



1. HVER ER SKRÝTNASTUR Í LIÐINU?

2. HVER ER MIKILVÆGASTUR INNI Í KLEFA?

3. HVER ER LÍKLEGASTUR TIL AÐ LENDA Í FANGELSI?

4. HVER ER MESTI HÖSSLERINN Í LIÐINU?

5. HVER ER TÍSKULÖGGA LIÐSINS?

6. HVER ER MESTA ÞJÁLFRASLEIKJAN?

7. MEÐ HVERJUM MYNDIR ÞÚ HELST VILJA FESTAST Í LYFTU Í 2 KLUKKUSTUNDIR?

8. HVER ER MEÐ STÆRSTA SVÍNIÐ Í LIÐINU OG HVER KANN BEST AÐ BEITA ÞVÍ?

ÞÓRARINN INGI

Fæðingardagur: 23. apríl 1990.
Félag: ÍBV.
Uppruni: Vestmannaeyjar, ÍBV.
Skóstærð og -tegund: 43 1/2, AdiZero F50.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Ég vona að við verðum íslenskunni þjóðinni til sóma.“



ELFAR FREYR

Fæðingardagur: 27. júlí 1989.
Félag: Breiðablik
Uppruni: Kópavogur, Breiðablik.
Skóstærð og -tegund: 45 1/2, Adidas World Cup.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Ég vil hvetja alla sem vilja láta reiði sína bitna á íslenska liðinu að gera það með nafnlausu sms-i af nova.is í númerið 772-4150, takk fyrir!“



ANDRÉS MÁR

- 1 Arnar Darri Pétursson. Maður veit aldrei hvar maður hefur hann.
- 2 Bjarni Þór Viðarsson. Hann er góður leiðtogi og nær að peppa menn vel upp.
- 3 Ef einhverjir eru líklegir eru það líklega Arnar Darri og Björn Bergmann saman.
- 4 Alfreð Finnboga. Ég heyrði að hann væri búinn að fá nokkrar til sín á trial þarna úti.
- 5 Tómas Ingi Tómasson, aðstoðarþjálfari, ekki spurning. Hann er allveg með þetta.
- 6 Hólmari Örn Eyjólfsson. Ég held það sé nokkuð ljóst enda sonur þjálfarans.
- 7 Gylfa Þór Sigurðsson, myndi reyna að sannfæra hann um að gefa mér nokkrar kúlur.
- 8 Óskar Pétursson. Hann er samt í einhverri lægð er maður að heyrja, en vonandi gengur honum betur eftir EM.

ELFAR FREYR

- 1 Ég held að standard-svarið hér sé Arnar Darri en ég ætla að segja Andrés. Hann er vel steiktur og gefur stundum frá sér einhver fullkomlega random hljóð.
- 2 Ætli það sé ekki Bjarni. Hann er búinn að spila með ótrúlegustu mönnum í þessu liði eins og t.d. Ingvari Kale þannig að hann hefur mikla reynslu.
- 3 Gummi Kri, þegar hann verður stoppaður í tollinum fyrir að flytja inn óheyrilegt magn af pylsum og þurrkuðu kjöti.
- 4 Miðað við það sem maður heyrir er það Halli B, klárt mál.
- 5 Rúrik, af því hann er best klæddur.
- 6 Ég ætla að segja „pass“ hér, það er alltaf eitthvað vesen á honum.
- 7 Alfreði. Hann notar fáránlega lítið súrefni þegar hann andar og svo er fínt að tala við hann.
- 8 Ég hef ekki hugmynd um það og síst hver er bestur í beita því, það væri eitthvað mikið að ef ég vissi það.

ÞÓRARINN INGI

- 1 Arnar Darri. Ég get eiginlega ekki útskýrt það, hann er það bara.
- 2 Bjarni Þór Viðars. Hann er mjög góður leiðtogi, innan sem utan vallar.
- 3 Arnar Darri. Maður veit bara aldrei hvar maður hefur hann.
- 4 H-landsliðs. Hann bara veður í kellingum.
- 5 Björn Bergmann. Maður sem mætir með sólhatt í flug er tískulögga fyrir mér.
- 6 Bjarni Þór Viðars. Hann er bara svona inni í öllu.
- 7 Með Hólmari því hann er alltaf með iPhone og með leikina uppi svo við gætum örugglega skemmt okkur með því.
- 8 Ég hef nú ekki séð svínið á þeim öllum en ég hef trú á að H-landsliðs sé bestur að beita því.

ÚTILÍF

ÁFRAM ÍSLAND

21% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FÓTBOLTUM Í TILBOÐI AF EM KARLA U21 Í DANMÖRKU

SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR BOLTANN Í ÚTILÍF.



VERÐ FRÁ 2.990 KR.

FÓTBOLTAR.

Gott úrval af vönduðum og glæsilegum boltum.



VERÐ: 18.990 KR.

NIKE MERCURIAL VICTORY. Léttir skór sem gefa þér forskot á andstæðinginn.



TILBOÐ: 19.990 KR.

ADIDAS F30. Ótrúlega léttir og liprir takkaskór. Almenn verð: 24.990 kr.



TILBOÐ: 19.990 KR.

ADIDAS F30. Takkaskór sem þú leggur seint á hilluna, léttir og liprir. Almenn verð: 24.990 kr.



VERÐ FRÁ 3.490 KR.

LEGGHLÍFAR.

Vandaðar og sterkar fyrir alla fótoltakappa.



VERÐ: 16.990 KR.

ADIDAS F10 AG. Léttir skór sem gefa þér forskot á andstæðinginn.



VERÐ FRÁ 3.490 KR.

MARKMANNSHANSKAR.

Mikið úrval af hönskum sem koma í veg fyrir markaregnið.

TILBOÐ GILDA TIL 14. JÚNÍ.

NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS



fílófaxið

laugardagur 11 júní

HVÍTA-RÚSSLAND - ÍSLAND

Árósum
16:00 Ísland leikur fyrsta leik sinn í lokakeppni Evrópumótsins gegn Hvít-Rússum. Hvít-Rússland þurfti rétt eins og íslensku drengirnir að leika tvo umspilsleiki um laust sæti í lokakeppinni. Á meðan Ísland hafði betur gegn Skotum unnu Hvít-Rússar lið Ítalíu 3-0 á sínum heimavelli eftir að hafa tapað 2-0 í fyrri leiknum sem fram fór í Ítalíu.

Þriðjudagur 14 júní

SVISS - ÍSLAND

Álaborg
16:00 Sviss endaði efst í sínum riðli í undankeppninni og vann svo Svía í umspilsrímmunni 5-2 samanlagt.

laugardagur 18 júní

ÍSLAND-DANMÖRK

Álaborg
18:45 Danir þurftu ekki að taka þátt í undankeppninni þar sem þeir eru gestgjafar á úrslitamótinu. Eftir þennan leik liggur ljóst fyrir hverjir fara upp úr A-riðlinum og komast þar af leiðandi á Ólympíuleikana árið 2012.



miðvikudagur 22 júní

UNDANÚRSLITA-LEIKURINN

Viborg Stadion / Herning Stadion
16:00 / 19:00 Nái Íslendingar að vinna A-riðilinn munu þeir mæta liðinu sem lendir í öðru sæti B-riðils. Sá leikur ferir þá fram klukkan 19:00 á Herning Stadion. Lendi Ísland aftur á móti í öðru sæti A-riðils mæta þeir sigurvegurum B-riðils á Viborg Stadion klukkan 16:00.

laugardagur 25 júní

ÚRSLITALEIKURINN

Leikvöllur óákveðinn
Tími óákveðinn Gangi allt að óskum hjá íslenska liðinu höfum við Íslendingar ríka ástæðu til að fagna laugardaginn 25. júní. En hvað sem á dynur þá erum við gríðarlega stolt af þessum framtíðarleikmönnum Íslands.

BS nám í náttúrufræði og skógfræði/landgræðslu

Ákveðið hefur verið að framlengja umsóknarfrest um BS nám í náttúrufræði annars vegar og skógfræði, landgræðslu hins vegar.

Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands.
www.lbhi.is

Umsóknarfrestur er til 15. júní

Nánari upplýsingar í síma 433 5000 og á heimasíðu skólans www.lbhi.is

Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:

REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22

Heilsuþúdin.is
- bætt útlit, betri liðan

LOKAPRÓFIÐ

9. júní 2011 |
MONITOR
skólinn

Ég heiti Arnór Smásson Þegar ég var lítill gutti á Skaganum hélt ég mest upp á

Þú veist hver ég er af því að Ég er gæðveikur á piano

Ef ég þyrfti að gera eitt af eftirfarandi myndi ég helst vilja

a) Klippa táneglurnar á Eyjólfi þjálfara
b) Kúra með Bjarna Þór Viðarssyni, fyrirlíða
c) Snyrta Alfreð Finnþoga
d) Baða Halla Björns, markmann
e) Kreista bólu á Skúla Jóni Friðgeirs

Af því að kúrt.legt kúrtíki

Ég hef meidd 302 sinnum en alltaf snúið 170% til baka.

Það besta við fótboltann er

a) Félagsskapurinn
b) Kvenhyllin
c) Úthaldið sem maður öðlast
d) Lyktin af nýslegnu grasi
e)

Af því að hún hlítur að fara að detta inn hjá mér líka

Pétur Pétursson, knattspyrnugóð er

a) Geggjáður ljósmyndari
b) Uppáhaldsfrændi minn í heimi
c) Frábær þjálfari
d) Mín stærsta fyrirmynd
e)

Af því að ég fylgna

Uppáhaldsstaðurinn minn er

a) Akranes á Íslandi
b) Heerenveen í Hollandi
c) Esbjerg í Danmörku
d)

Af því að það er aldrei róla á Skaganum

Eiginhandarásitunin mín lítur svona út:

Mesti húmoristinn í U-21 árs landsliðinu er

a) Rúrik Gíslason
b) Ég sjálfur
c) Arnar Darri Pétursson
d) Björn Bergmann Sigurðarson
e) Gull af dreng, þriður og fjúrtur með þeirri góðu.

ARNÓR

Fæðingardagur: 10. apríl 1989.
Félag: Esbjerg fB.
Uppruni: Akranes, ÍA.
Skóstærð og -tegund: 42, Puma V10.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Fáum Bjarna Þór Viðarsson í stól forsætisráðherra.“

Síðast en ekki síst

» Jón Guðni Fjóluson, landsliðsmaður, fílar:

Kvikmynd: Það er svo sem erfitt að velja eina úr safni góðra mynda en ég myndi segja að Shawshank Redemption væri í upphaldi ef ég yrði að velja eina. Mjög góð mynd í alla staði.

Þáttur: Hef horft mikið á How I Met Your Mother undanfarin ár. Barney Stinson er helvíti flottur náungi.

Bók: Ég er lítill lestrarhestur, svo mér dettur einfaldlega engin bók í hug.

Plata: Black Album með Jay-Z er svalasta plata í heimi. Það verða allir að hlusta á þessa snilld.

Vefsíða: Af augljósum ástæðum fer ég mikið inn á Fótbolta.net sem er ein besta íslenska vefsíðan. Þarna er allt sem fótboltaá-hugamenn þurfa að vita um boltann, hvort sem það eru innlendir fréttir eða erlendar.

Staður: Heima er alltaf best, hvort sem það er heimilið mitt eða heima hjá mömmu.

JÓN GUÐNI

Fæðingardagur: 10. apríl 1989.
Félag: Beerschot AC.
Uppruni: Bolungarvík/Þorlákshöfn, Knattspyrnufélagið Ægir.
Skóstærð og -tegund: 45, Adidas Predator.
Skilaboð til íslensku þjóðarinnar: „Takið þátt í þessu.“

GLAÐUR Í BRAGÐI





Vertu með á Bestu útihátíðinni

Gaddstaðaflatir Hellu, 8.-10. júlí

Gus Gus / Quarashi

Verð aðeins **6.000 kr.** fyrir viðskiptavini Ring / Símans.

Forsala aðgöngumiða í verslunum Símans Kringlunni,
Smáralind, Ármúla og á Akureyri.

18 ára aldurstakmark nema í fylgd forráðamanna.

13 ára og yngri fá frítt Inn.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

* 1.000 mín/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi